



8. janúar 2021
2012150

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ríkisábyrgð á viðspyrnulán til atvinnuþróunar

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis dags. 18. desember 2020 þar sem óskað var eftir umsögn bankans um tillögu til þingsályktunar um ríkisábyrgð á viðspyrnulán til atvinnuþróunar, 31. mál á 151. löggjafarþingi.

Markmið þingsályktunartillögunnar „er að tryggja að atvinnu- og gjaldeyrisskapandi verkefni hafi aðgengi að lánsfé og styðja þannig við viðspyrnu framsækinnra fyrirtækja. Í þessu skyni verði komið á fót kerfi þar sem ríkið ábyrgist að hluta lán til slíkra verkefna. Ábyrgðunum er ætlað að draga úr óvissu og áhættu þess fjármagns sem fer í arðbæra fjárfestingu á tímum samdráttar af völdum heimsfaraldurs kórónuveiru.“

Í þingsályktunartillögunni er blandað saman ólíkum aðferðum við að styðja efnahagslífið á tímum farsóttarinnar. Annars vegar lánaþyrngreiðslu, „viðspyrnulán“, til fyrirtækja sem talin eru lífvænleg við venjulegar aðstæður en hafa orðið fyrir beinum tímabundnum tekjumissi af völdum farsóttar og sóttvarnaraðgerða stjórnvalda, og hins vegar aðgerðum til þess að styðja við almenna atvinnuþróun í landinu, t.d. í formi ríkisábyrgðar á lánunum.


Seðlabankinn telur þær hugmyndir sem lagðar eru til í frumvarpinu ekki nægilega reifaðar til að hægt sé að taka til þeirra endanlega afstöðu en telur ýmsa vankanta á tillögunni sem nauðsynlegt er að ígrunda, t.d. eftirfarandi:

1. Engar forsendur eru til þess að fullyrða að áhrifin á ríkissjóð af þeim aðgerðum sem lagðar eru til verði jákvæð eins og gert er í ályktuninni.
2. Greiningu skortir á mögulegum umboðsvanda er hlotist gæti af því að eftirlit með viðkomandi lánunum hvíli á lánaþyrngjum en áhættan liggja hjá ríkissjóði, enda verður ekki annað séð en að stuðningsaðgerðir af þessu tagi horfi til lengri tíma en þær stuðningsaðgerðir sem gripið hefur verið til hingað til vegna farsóttarinnar.


3. Ekki eru færð sannfærandi rök fyrir því að viðtæk niðurgreiðsla lánsfjár til atvinnufyrirtækja af því tagi sem lögð er til samræmist samkeppnisreglum sem gilda á EES-svæðinu.
4. Óljóst er hvers vegna stofnanir og styrkjakerfi sem þegar eru til staðar duga ekki til þess að efla nýsköpun, ásamt núverandi fyrirkomulag ríkisábyrgða á brúarlánum til fyrirtækja sem lent hafa í vanda vegna COVID-19-farsóttarinnar.
5. Afar óvíst er hvert umfang boðaðra styrkja til atvinnulífsins gæti orðið, enda er í tillögunni aðeins kveðið á um nauðsynlegt lágmark en ekki hámark.
6. Merking hugtaka eins og „atvinnuþróun“, „gjaldeyrisskapandi“, „atvinnuskapandi“, „nýnæmi“ og „fram-sækinnna“ er ekki skilgreind og eftir því mögulega of viðtæk. Með nægum ríkisstyrkjum gæti t.d. öll framleiðsla vöru og þjónustu talist „gjaldeyris- og atvinnuskapandi“. Ógerlegt er að taka afstöðu til tillögunnar nema þessi hugtök séu betur skilgreind og þar með skýrara að hverju skuli stefnt og hvernig.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Asgeir Jonsson
seðlabankastjóri



Rannveig Jónúsdóttir
frankvstj. skrifstofu bankastjóra